

Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. **P** 126/1303
komudagur 2.3.2001

12.99 GHE/ghe 27. febrúar 2001.

Á fundi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þann 26. febrúar s.l. var lagt fram bréf Landbúnaðarnefndar Alþingis frá 21. febrúar s.l. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, 389. mál. rekstrarleyfi, gjaldtaka, fiskeldisnefnd o.fl.

Heilbrigðisnefnd hefur kynnt sér frumvarpið og gefur því jákvæða umsögn en óskar jafnframt eftir að skýrar verði kveðið á um tengsl við starfsleyfi vegna mengunarvarna og mengunarvarnaeftirlits.

Greinargerð:

1. Bæta þarf inn í 3 gr. málsg. 4 ákvæði þess efnis að rekstrarleyfi verði ekki gefið út fyrr en fyrir liggur starfsleyfi samkv. lögum nr. 7/1998.

Skýring. Í frumvarpinu (gr. 3, málsg. 4) kemur fram að fiskeldi þurfi rekstrarleyfi Landbúnaðarráðherra. Ennfremur kemur fram í frumvarpinu að rekstrarleyfi skuli ekki gefið út fyrr en umfjöllun umsóknar er lokið í stjórnkerfinu samkvæmt ákvæðum laga nr. 106/2000 um umhverfismat. Af greinargerð (er ekki að finna í frumvarpinu) má ætla að starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins eða heilbrigðisnefndar á grunni laga nr. 7/1998 sé hluti þeirra gagna sem þurfa að liggja fyrir áður en rekstrarleyfi sé gefið út. Það væri skýrara fyrir væntanlega rekstraraðila og í anda laga nr. 106/2000 ef starfsleyfi yrði forsenda rekstrarleyfis.

2. Afmarka skýrar eftirlit embættis Veiðimálastjóra til að draga úr líkum á skörun eftirlitsaðila. Eftirlit hans beinist að umhirðu eldisdýra, vörnum við dreifingu smitsjúkdóma, eftirlit með dreifingu stofna og tegunda í eldi, að koma í veg fyrir óæskilega genablöndun milli eldisdýra og villtra dýra o.s.frv.

Skýring. Það nýmæli er í frumvarpinu að Veiðimálastjóra er falið eftirlit með starfsemi fiskeldis- og hafbeitastöðva. Samkvæmt lagatexta og almennri umfjöllun í greinargerð er ljóst að þeir þættir í rekstri eldisfyrirtækja sem eftirlitsaðili á að taki á varðar umhirðu eldisdýra, varnir við dreifingu smitsjúkdóma og koma í veg fyrir óæskilega genablöndun milli eldisdýra og villtra dýra.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998 er Holluvernd ríkisins og heilbrigðisnefndum í landinu ætlað að hafa eftirlit með allri mengandi starfsemi í landinu þ.m. talið eldisstöðvum. Eftirlit þessa aðila hefur beinst að því að lágmarka röskun á umhverfi eldisstöðva og gæta að losun efna- og lífræns úrgangs í móttaka svo áhrif mengunar frá eldisstöðvum séu innan ásættanlegra marka. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar um er að ræða viðkvæman móttaka s.s. ár og stöðuvötn. Með frumvarpinu er ekki verið að undanskilja starfsgreinina almennu mengunarvarnaeftirliti enda yrði það atvinnugreininni síst til framdráttar. Með því að afmarka betur eftirlitsþátt nýs eftirlitsaðila í lögum yrði eftirlitshlutverk beggja aðila skýrara gangvart fyrirtækinu og það myndi einnig einfalda gerð bæði rekstrarleyfis og starfsleyfis og leida af sér skilvirkara eftirlit.

Virðingarfyllst,

f. h. heilbrigðisnefndar,



Guðmundur H. Einarsson
frankvæmdastjóri.

